


# Skákir tefldar í Bolungarvík árið 1933



Geir Guðmundsson varðveitti og Halldór Grétar Einarsson útbjó.

## Skákir tefldar í Bolungarvík árið 1933

Geir Guðmundsson frá Bolungarvík er mikill áhugamaður um sögu Bolungarvíkur og sá sem veit hvað mest um hana. Hann hefur um áraraðir safnað myndum og heimildum frá Bolungarvík.



Margir þekja Geir úr Sjóminjasafninu í Ósvör, en hann kom safninu upp og var safnvörður þar. Geir sá einnig um sjómannastofuna í Bolungarvík og þar var aðsetur bolvískra skákanna á mesta blómatíma skákarinnar í Bolungarvík.

Þegar ég var í Bolungarvík í vor, þá laumaði Geir til mín gömlu umslagi sem hann var búinn að eiga uppi á lofti hjá sér í mörg ár. Í umslaginu voru handskrifaðar skákir sem tefldar voru í Bolungarvík í desember árið 1933. Í þá daga skrifuðu menn skákirnar öðruvísi upp heldur en gert er í dag. Hver maður skrifaði bara sína leiki og stundum var ekki verið að taka það fram hvaða maður var færður. Einnig finnst mér líklegt að taflborðin hafi ekki verið merkt með A-H og 1-8 á röndunum, því stundum sér maður að menn skrifa skákina samvisskusamlega niður í spegilmynd!

Ég er búinn að vera að dunda mér við að slá inn þessar skákir og er afraksturinn af því í þessu riti.

Í 13 skákum af 22 er Kónsbragðið til umfjöllunar. Mér fannst þetta mjög athyglisvert þegar ég var að slá skákirnar inn. Ég hafði það líka á tilfinningunni að menn væru að rannsaka þessa byrjun. Greinilegt er að strax á þessum árum þá hafa straumar úr alþjóðlegri skák náð til Bolungarvíkur.

Þorvaldur Jónsson læknir fæddist árið 1837 á Kirkjubæjarklaustri og var læknir Vestfjarða með aðsetur á Ísafirði frá árinu 1865 til ársins 1900 þegar hann fór á eftirlaun. Þorvaldur lést árið 1916.

Í því stómerkilega skákriti "Í Uppnámi" árið 1901 (bls 34) er eftirfarandi lýsing á Þorvaldi Jónssyni lækni: "Þorvaldur læknir hefur jafnan haft mikinn áhuga á og ánægju af skáktafli, enda er hann talinn einn beztu taflmaður á Íslandi. Hann mun og vera sá eini Íslendingur af þeim, er á Íslandi búa, sem fylgzt hefur með erlendri skák og bóklega stundað skáktaflið."

Eftirfarandi frásögn er frá Þorvaldi í Uppnámi árið 1901 (bls 61): "Skákfélag Bolvíkinga hefur verið stofnað í vetur. .... Ég sendi taflfélaginu 3 skákborð og skákmenn og nokkrar bækur og hef leiðbeint því sem ég hef getað .."

Sveinn Halldórsson fæddist árið 1891. Hann varð skólastjóri í Bolungarvík árið 1912 21 árs gamall og bjó þar til ársins 1943. Hann hefur því náð að vera samtímamaður Þorvaldar læknis sem þá var 75 ára og átti fjögur ár eftir ólífað.

Skákiðkun Sveins og áhrifum hennar var lýst þannig (Jón Þ Þór - Saga Bolungarvíkur):

Strax á fyrstu árum sínum í Bolungarvík pantaði hann skákbækur erlendis frá og mun hann í hópi þeirra fyrstu, sem það gerðu í einhverjum mæli hér á landi.

Snemma gat að líta í skákbókasafni hans nöfn eins og Andersen, Mieses, Vidmar, Blackburn, Steinitz, Morphy, Pillsbury, Marshall, Capablanca og fleiri. Þá átti hann öll mótsblöð Norðurlandaskákmótanna. Skákbækur Sveins komu þá að góðum notum því byrjanaþekking manna jókst stöðugt (þeir fóru að tefla eftir „teóríu“ á reykvíska skákmannamáli) og samfara aukinni þekkingu varð áhugi manna meiri. Hugsanlega gæti gróska þessi í bolvíska skáklífi hafa verið grundvöllur fyrir blómlegt skáklíf í Bolungarvík seinna meir. Sveinn lét sér ekki lynda við taflmennskuna eina saman heldur fór hann að panta sér bækur um skákdæmi og gerð þeirra og varð svo hugfanginn af þeirri gerð skáklistarinnar að hann gat sér orð sem einn besti skákdæmahöfundur landsins.

Syni Sveins (Haukur Sveinsson) er það sérlega minnstætt hve undarlegt honum hafi þótt er pabbi hans lokaði sig inni á skrifstofu sinni í öllum jólaeyfum í mörg ár við tilbúning skákdæma og sú fagaða kyrrð er ríkti þar á skrifstofunni.

Þarna er e.t.v. komin skýringin á Kónsbragðskunnáttu Bolvíkinga árið 1933. Bækur Þorvaldar trúlega ennþá til á staðnum og einnig hefur þekking hans flust á milli manna og kynslóða. Sveinn Halldórsson tekur svo við af Þorvaldi. "Bókleg ástundun skáktaflsins" hefur verið sá grunnur sem einkenndi bolvíska skákskólann á þessum árum.

Í skákunum sem á eftir fylgja koma eftirfarandi skákmenn við sögu:

**Sveinn Halldórsson** (6 skákir) skólastjóri barnaskólans í Bolungarvík 43 ára (afi Óttars Felix Haukssonar)

**Aðalsteinn Bjarnason** (9 skákir) líklega milli tvítugs og þrítugs (faðir Bjarna Aðalsteinssonar sem var skólastjóri að Reykjum í Hrótafirði).

**Gísli Kristjánsson** (9 skákir) sem síðar varð Sundhallarstjóri á Ísafirði. Gísli var dóttursonur Hávarðs Sigurðssonar sem er bestur þótti bolvískra skákmanna um aldamótin). Gísli var góður glímumaður og vann Vestfjarðabeltið árið 1933. Einnig góður í kappbeitningu. Líklega milli tvítugs og þrítugs.

**Tryggvi Magnússon frá Hóli** (4 skákir) , fæddur fyrir árið 1912, svo líklega var hann milli tvítugs og þrítugs.

**Jón Magnússon frá Hóli** (3 skákir) , fæddur fyrir árið 1912, svo líklega var hann milli tvítugs og þrítugs.

Tryggvi og Jón voru afabræður Magnúsar Pálma Örnólfssonar (Guðmundssonar, Magnússonar hreppstjóra frá Hóli).

**Guðmundur Jakobsson** (7 skákir)

**Bjarni Jónsson** (3 skákir)

**Karl Eyjólfsson** ( 1 skák) bakari í Bolungarvík frá árinu 1921. Hann hefur líklega verið milli þrítugs og fertugs.

Að öllum líkindum hafa þessar skákir verið tefldar í húsnæði Barnastúkunnar Liljunnar í skákstofu sem var í kjallara Stúkuhússins við Skólastíg (sbr mynd af reikningi sem er í blaðinu "Eitt lítið peð" sem Magnús Sigurjónsson gaf út árið 1986 og er hægt að nálgast á heimasíðu Taffélags Bolungarvíkur). Þrjár skákir voru tefldar 15.desember 1933, tvær 19.desember, sextán 22.desember og ein skák eftir áramótin (5.janúar 1934).

1957.

# REIKNINGUR

til Barnastofnunar Lilju N° 26  
frá Gísla Kristjánssyni Bolungavík

1957.	an.	Kr.	aur.
	Stækafingar í		
	des 1953. 3 - 1/50	4.	50
	jan 1954 de 5 - 1/50	4.	50
	febr - de 4 1/50	6.	00
	Mars - de 1 1/50	1	50
	Samtala 77 öfingar 1/50	19.	50
		16	50
	Greitt 3/6 '54		
	Gísla Kristjánsson		

# Kónsbragðið

Eins og áður sagði þá er Kónsbragðið til umfjöllunar í meirihluta skákanna. Ég rannsakaði aðeins þær skákir. Skoðaði hvaða afbrigði menn völdu og hvernig þessi byrjun var meðhöndluð úti í hinum stóra heimi á þessum tíma. Tek síðan líka stöðuna eins og hún er í dag.

Hvítt: **Bjarni Jónsson**

Svart: **Aðalsteinn Bjarnason**


22. desember 1933

Kónsbragð

**1.e4 e5 2.f4 exf4 3.Rf3**


Í einni skákinni lék Karl bakameistari Eyjólfsson 3.Bc4 og fórnaði biskupnum svo í næsta leik á f7. Fórnin stóðst engan vegin og tapaði Karl örugglega fyrir Tryggva á Hóli.

**3. - g5**




Hérna leikur hvítur Bc4 í átta skákum og h4 í fjórum.

Á þessum árum voru þessir leikir nokkuð jafn vinsælir á erlendri grundu. Guðmundur Jakobsson svaraði 4.h4 með f6 í skák á móti Aðalsteini og tapaði fljótt. Seinna tefldi hann á móti Gísla og lék 4. - h6 en eftir 5.hxg5 var Gísli kominn með alla stöðuna og vann örugglega. Sveinn var betur að sér í teóriunni og lék 4. - g4 5.Re5



Í þessari stöðu kemur Sveinn með nýjung þegar hann leikur 5. - Rh6 í stað hins vanalega 5. - Rf6 6.Bc4 d5 7.exd5 Bd6. Hugmyndin er væntanlega að valda bæði g4-þeðið og hinn veika reit á f7. Ókosturinn var þó að í framhaldinu stendur riddarinn ekki vel á h6. Nær t.d. ekki að sveifla sér á h5 eins og vanalegt er í Rf6 afbrigðinu. Sveinn mátti líka þakka fyrir vinningin á móti Gísla í þeirri skák.

Tryggvi svaraði 4.h4 hjá Gísla með nýjunginni 4. - d5 og eftir 5.Rxg5 h6 var hann kominn með ágætis stöðu.



Gísli lék þá 6.Rxf7 af bjartsýni, en Tryggvi varðist vel og vann.

**4.Bc4 Bg7**




Hérna lék Bjarni 4. - c6 á móti Aðalsteini, en það var of hægfara og hvítur vann auðveldlega.

#### 5.d4

Guðmundur Jakobsson lék 5.c3 og svo 6.Db3 á móti Aðalsteini. Svipaða uppbyggingu hafði Adolf Anderssen og Lasker notað. Guðmundur fékk ágætis stöðu, en tapaði samt.

#### 5. - h6



Upp er komin grunnstaða í þessu afbrigði. Fjórar Kónigsbragðsskákirnar náðu þessari stöðu.

a) 6.e5N d5 7.Bb3 Re7 8.h3 c6 9.0-0 Rf5 og svartur var í góðum málum (Bjarni-Aðalsteinn)

b) 6.0-0 Re7N 7.c3 d5 8.exd5 0-0 9.Db3 Rd7 10.He1 Rb6 og svartur vann (Guðmundur-Sveinn)

c) 6.0-0 d6 7.c3 Rc6 8.Db3 De7 9.e5N dxe5 10.dxe5 og svartur vann (Guðmundur -Gísli)

d) **6.Rc3**



#### 6. - d6N

6. - Rc6 7.Rd5 d6 8.c3 Rge7 9.0-0 Rxd5 10.Bxd5 Re7 11.Bb3 Rg6 12.g3 fxg3



13.Rxg5 og hvítur vann í skák Aljeckins og Mikulka árið 1925

**7.h3 Rf6 8.e5 Rh5 9.0-0**



9. - g4!? 10.hxg4

Hérna hefði verið sterkt hjá hvítum að leika 10.Rh2.

10. - Bxg4 11.He1 0-0 12.Rd5 dxe5 13.dxe5 Bxf3?!

13. - Rc6!? er betri.

14.Dxf3 Dh4 15.Bxf4 Rc6 16.Rxc7?

16.g3! hefði unnið mann. Núna nær svartur óverjandi sókn.

16. - Rxf4 17.Rxa8 Bxe5 18.Hf1




18. - Rd4

18. - Re2+ hefði unnið strax, en þessi sakar ekki!

19.De3 Rfe2+ 20.Bxe2 Bh2+ 21.Kh1 Bg3+ 22.Kg1 Dh2 mát

Glæsilega tefld skák hjá Aðalsteini þó skákin hafi ekki verið gallalaus að dómi sterkustu nútíma skákreikna.

0-1



## Kónsbragðið í dag

Nakamura, Short, Ivanchuk, Morozevich og Magnus Carlsen eru á meðal sterkustu skákmanna í dag sem beita Kónsbragði öðru hverju. Kónsbragðið er mjög tvíbent vopn. Fáar skákir enda með jafntefli, en svartur hefur herra vinningshlutfall en hvítur.

Það þóttu mikil tíðindi þegar Carlsen ákvað að beita Kónsbragði á móti hinum kínverska Wang Yue í 4.umferð Kóngamótsins í Bazna í Búlgaríu árið 2010. Eftir skákina sagði Carlsen að honum hefði verið búið að ganga illa í fyrstu umferðunum og ákveðið að gefa Kónsbragðinu séns og sjá hvernig færi.

Enn í dag er aðalafbrigði Kónsbragðs sú staða sem bolvíska skákmennirnir voru að tefla og rannsaka í desember árið 1933. Eftirfarandi skák er fulltrúi nýja tímans og sýnir hvernig öflugustu stórmeistararnir í dag meðhöndla þessa byrjun.

Hvítt: **Hikaru Nakamura** 2733

Svart: **Vassily Ivanchuk** 2754

28. október 2010

Cap d'Agde CCAS Trophée KO - atskák  
Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5 4. Bc4 Bg7 5. h4 h6 6. d4 d6 7. c3 Rc6 8. O-O g4 9. Re1 Dxh4 10. Bxf4 Rf6 11. e5 dxe5 12. dxe5



12. - g3 13. Bxg3 Dxc3 14. exf6 Bf8 15. Rd3 Bd6 16. Dh5 Bg4 17. Bxf7+ Kf8 18. Dg6 Dh2+ 19. Kf2 Dg3+ 1/2-1/2



Hvítt: **Gísli Kristjánsson**  
Svart: **Sveinn Halldórsson**  
15. desember 1933  
Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. h4 g4 5. Re5 Rh6 6. Bc4  
d5 7. exd5 Dd6 8. d4 Rd7 9.  
Bxf4 Df6 10. Rxd7 Bxd7 11.  
Be5 De7 12. De2 O-O-O 13.  
Bxh8 Db4+ 14. c3 Db6 15.  
Df2



15. - He8+ 16. Kd1 g3 17.  
Dc2 Rg4 18. He1 Rf2+ 19.  
Kc1 Hxe1+ 20. Kd2  
0-1

Hvítt: **Sveinn Halldórsson**  
Svart: **Gísli Kristjánsson**  
15. desember 1933  
Ítalski leikurinn

1. e4 e5 2. Rf3 Rc6 3. Bc4 h6  
4. d4 Rf6 5. O-O exd4 6.  
Rxd4 Rb4 7. c3 d5 8. exd5  
Rbx d5 9. He1+ Be7 10. De2  
O-O 11. Rd2 Bg4 12. f3 Bh5  
13. Re4 Bd6 14. Bd3 Rf4 15.  
Bxf4 Bxf4 16. Rxf6+ Dxf6 17.  
De4 Bg6 18. De2 Kh7 19.  
Dc2 Hfe8 20. Re2 Had8 21.  
Had1



21. - Db6+ 22. Kh1 Df2 23.  
Bxg6+ fxg6 24. Hc1 Bxc1  
0-1

Hvítt: **Guðmundur Jakobsson**  
Svart: **Sveinn Halldórsson**  
15. desember 1933  
Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 Bg7 5. d4 h6 6. O-O  
Re7 7. c3 d5 8. exd5 O-O 9.  
Db3 Rd7 10. He1 Rb6 11.  
Re5 Rbx d5 12. Bxd5 Rxd5  
13. Ra3 Be6 14. Dxb7 Re7  
15. Rc6 Rxc6 16. Dxc6 Bd5  
17. Db5 c6 18. Dc5 Dd7 19. c4



19. - Bxg2 20. Kxg2 Dg4+  
21. Kh1 Df3+ 22. Kg1 Dg4+  
23. Kf1 f3  
0-1

Hvítt: **Guðmundur Jakobsson**  
Svart: **Gísli Kristjánsson**  
19. desember 1933  
Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 Bg7 5. d4 h6 6. O-O  
d6 7. c3 Rc6 8. Db3 De7 9. e5  
dxe5 10. dxe5 b6 11. He1  
Be6 12. Db5 Dc5+ 13. Rd4



13. - Dxc4 14. Dxc6+ Dxc6  
15. Rxc6 Re7 16. Rxe7 Kxe7  
17. Ra3 Had8 18. c4 a6 19.  
b4 Hd3 20. c5 f3 21. gxf3

Hxf3 22. He3 Hxe3 23. Bxe3  
Bxe5 24. cxb6 cxb6 25. Hd1  
b5 26. Bc5+ Kf6 27. Hf1+  
Kg6 28. Hd1 h5 29. Bd4 Hd8  
0-1

Hvítt: **Gísli Kristjánsson**  
Svart: **Sveinn Halldórsson**  
19. desember 1933  
Skandinavísk vörn

1. e4 d5 2. exd5 Dxd5 3. Rc3  
Da5 4. Rf3 Rf6 5. d4 c6 6.  
Bc4 Bg4 7. Dd3 Bxf3 8. Dxf3  
e6 9. O-O Be7 10. Bg5 O-O  
11. Bxf6 Bxf6 12. Re4 Bxd4  
13. c3 Be5 14. Dh5 h6 15.  
Kh1 Dc7 16. Bd3 Rd7 17. f4  
Bf6



18. Rg5 g6? 19. Dxh6 Hfe8  
1-0

Hvítt: **Gísli Kristjánsson**  
Svart: **Tryggvi Magnússon**  
frá Hóli  
22. desember 1933  
Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. h4 d5 5. Rxg5 h6 6. Rxf7  
Kxf7 7. Dh5+ Kg7 8. b3 Df6 9.  
e5



9. - Df5 10. Df3 De4+ 11.  
Dxe4 dxe4 12. d4 exd3 13.  
cxd3 Bb4+ 14. Bd2 Bxd2+

15. Rxd2 Rc6 16. Rc4 Be6  
 17. Hc1 Hc8 18. Be2 Bxc4  
 19. Hxc4 Rxe5 20. Hxf4 Rf6  
 21. Hhf1 Hhf8 22. Hf5 Hce8  
 23. Kd2 Rc6 24. H1f4 He6 25.  
 Bg4 Hd6  
 0-1

Hvítt: Sveinn Halldórsson  
 Svart: Gísli Kristjánsson  
 22. desember 1933  
 Ítalski leikurinn

1. e4 e5 2. Rf3 Rc6 3. Bc4  
 Bc5 4. b4 Bxb4 5. c3 Bc5 6.  
 d4 exd4 7. O-O Bb6 8. cxd4  
 Ra5 9. d5 Rxc4 10. Rc3 d6  
 11. Da4+ Bd7 12. Dxc4 Re7  
 13. e5 h6 14. exd6 cxd6 15.  
 Ba3 Hc8 16. Db3 Bg4



17. Re4 O-O 18. Rxd6 Bxf3  
 19. Dxf3 Hc2 20. Hae1 Dd7  
 21. Db3 Hd2 22. Re4 Dxd5  
 23. Dxd5 Rxd5 24. Rxd2 Hd8  
 25. Bc1 Rc3 26. a3 Ba5 27.  
 He3 Ra2 28. Rc4 Rxc1 29.  
 Hxc1 Hc8 30. Hec3 Bxc3 31.  
 Hxc3 b5 32. Kf1 Kf8 33. Ke2  
 Hxc4 34. Hxc4 bxc4  
 1/2-1/2

Hvítt: Tryggvi Magnússon frá Hóli

Svart: Gísli Kristjánsson  
 22. desember 1933  
 Ítalski leikurinn


1. e4 e5 2. Bc4 Rc6 3. Rf3  
 Bc5 4. O-O d6 5. d3 Bg4 6.  
 Be3 h5 7. c3 Df6 8. Rbd2



8. - Dg6 9. b4 Bb6 10. Db3  
 Be6 11. Bxe6 Dxe6 12. d4  
 exd4 13. cxd4 Dxb3 14. Rxb3  
 Rxb4 15. a4 a6 16. Hab1 a5  
 17. e5 dxe5 18. Rxe5 Rf6 19.  
 Rc5 Bxc5 20. dxc5 O-O 21.  
 Rc4 Re4



22. Rxa5 Hxa5 23. Hxb4  
 Rxc5 24. Bxc5 Hxc5 25.  
 Hxb7 Ha8 26. Hb4 Hc2  
 27. Ha1 c5 28. Hb5 Hxa4 29.  
 Hab1 Haa2 30. Hf1 g6 31. g3  
 Kg7 32. Kg2 c4 33. Kf3 Ha3  
 34. Ke4 Hd3 35. Hc5 Hdd2  
 36. Ke3 He2+ 37. Kf3 He6 38.  
 h3 Hc3+ 39. Kg2 He4 40. Hd1  
 Hc2 41. Kf3 Hee2 42. Hf1  
 Hed2 43. Ke3 Hd3+ 44. Ke4  
 He2+ 45. Kf4 f6 46. h4 Kh6



47. g4 g5+ 48. hxg5+ fxg5+  
 49. Hxg5 1-0


Hvítt: Karl Eyjólfsson

Svart: Tryggvi Magnússon  
 frá Hóli

22. desember 1933

Skandinavísk vörn

1. e4 d5 2. exd5 Dxd5 3. Rc3  
 Da5 4. Rf3 c6 5. Bc4 Bg4 6.  
 Re4 e5 7.



Bxf7+ Kd7 8. Bxg8 Bxf3 9.  
 Dxf3 Hxg8 10. Df7+ Be7 11.  
 Dxg8 Da4 12. f3 Dxc2 13. O-  
 O g6 14. Db3 Dxb3 15. axb3  
 Kc7 16. f4 Rd7 17. fxe5 Rxe5  
 18. d4 Rd7 19. Hf7 He8 20.  
 Bf4+

1-0

Hvítt: Karl Eyjólfsson

Svart: Tryggvi Magnússon  
 frá Hóli

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Bc4 b5  
 4. Bxf7+ Kxf7 5. Dh5+ g6 6.  
 Dd5+ Kg7 7. Rf3 c6 8. De5+  
 Df6 9. d4 d6 10. Dg5 Dxg5  
 11. Rxg5 h6 12. Rf3 g5 13.  
 Rc3 Rf6 14. e5 Rd5 15. Rxd5  
 cxd5 16. Bd2 Rc6 17. c3 Bg4  
 18. O-O-O Bxf3 19. gxf3 dxe5  
 20. dxe5 Rxe5 21. Be1 Hd8  
 22. Hf1 Rc4 23. Bf2 Re3 24.  
 Bxe3 fxe3 25. Hfe1 Bc5 26.  
 He2 a5 27. a3 b4 28. axb4  
 axb4 29. Hc2 b3 30. Hg2 Hd6  
 31. Kb1 Hhd8

0-1

Hvítt: **Karl Eyjólfsson**  
Svart: **Tryggvi Magnússon**  
frá Hóli

22. desember 1933

Frönsk vörn

1. Rf3 Rc6 2. d4 d5 3. e4 e6  
4. Rc3 Bb4 5. Bd2 Rge7 6.  
Hc1 O-O 7. Bd3 Bxc3 8. Bxc3  
dxe4 9. Bxe4 b5 10. Rg5 Rg6  
11. h4 f6 12. Dh5 h6 13. Dxc6  
fxg5



14. d5 De7 15. dxc6 e5 16.  
hxg5 Dxc6 17. Dxc6 hxg5  
18. Bxe5 He8 19. Bxc7  
Hxe4+ 20. Kd2 Bf5 21. Bg3  
Hd8+ 22. Kc3 Hc4+ 23. Kb3  
Be6  
1-0

Hvítt: **Aðalsteinn Bjarnason**  
Svart: **Jón Magnússon**  
frá Hóli

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 Bg7 5. h4 h6 6. hxg5  
hxg5 7. Hxh8 Bxh8 8. d4 d6  
9. Rc3 c6 10. De2 Bg4 11.  
Bd2 Rd7 12. O-O-O Db6



13. Bxf7+ Kxf7 14. Rxc6+  
Ke8 15. Dxc6 Rgf6 16. De6+  
Kd8 17. e5 dxe5 18. dxe5  
Re8 19. Bxf4 Dc7 20. Rf7+

Kc8 21. Dxe8+ Dd8 22.  
Dxd8#

1-0

Hvítt: **Aðalsteinn Bjarnason**

Svart: **Guðmundur**

**Jakobsson**

22. desember 1933

Ítalski leikurinn

1. e4 e5 2. Rf3 Rc6 3. Bc4 f6  
4. d4 exd4 5. O-O Bc5 6. He1  
d6 7. Bb5 Rge7 8. Rxd4 Bxd4  
9. Dxd4 a6 10. Bxc6+ Rxc6  
11. Dc4 De7 12. Bd2 Be6 13.  
Dc3 O-O 14. Dg3 Rd4 15.  
Ra3 Df7 16. c3 Rc6 17. b3



17. - f5 18. exf5 Bxf5 19. Rc4  
Be6 20. He2 Bxc4 21. bxc4  
Dxc4 22. Hae1 Dxa2 23. Bh6  
Df7 24. Bd2 Hae8 25. Hxe8  
Hxe8 26. Hxe8+ Dxe8 27.  
Be3 Re5 28. Dh4 b5 29. h3  
Rc4 30. Kh1 Rxe3 31. fxe3  
h6 32. Dd4 De5 33. Dh4 Dxe3  
34. Dd8+ Kh7 35. Dxc7 De5  
0-1

Hvítt: **Aðalsteinn Bjarnason**

Svart: **Guðmundur**

**Jakobsson**

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. h4 f6 5. Bc4 Bg7



6. Rxc6 fxc6 7. Dh5+ Ke7  
8. Df7+ Kd6 9. Rc3 Bxc3 10.  
bxc3 Rf6 11. hxg5 Rxe4 12.  
Hh6+ Kc5 13. Dd5#

1-0

Hvítt: **Aðalsteinn Bjarnason**

Svart: **Bjarni Jónsson**

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 c6 5. d4 d5 6. exd5  
cxd5 7. Bb3 Be6 8. O-O Rc6  
9. He1 Df6 10. c3 O-O-O 11.  
Re5 h5 12. Rxc6 bxc6 13.  
Dd3 Bf5 14. Da6+ Kb8 15.  
Ba4 Bd7 16. Hf1 Bd6



17. Bxc6 Bc8 18. Db5+ Kc7  
19. Bxd5 Ba6 20. Dc6+ Kb8  
21. Dxa6 De7 22. Ra3 Bxa3  
23. bxa3 Hxd5 24. Hb1+ Kc7  
25. Hb7+ Kd8 26. Hxe7 Rxe7  
27. Dxa7 h4 28. He1 Rc8 29.  
Da8 Hd7 30. Da5+ Hc7 31.  
Dxc6#

1-0

Hvítt: Bjarni Jónsson

Svart: Aðalsteinn Bjarnason

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 h6 5. d4 Bg7 6. e5 d5  
7. Bb3 Re7 8. h3 c6 9. O-O  
Rf5 10. g4 fxg3? 11. c4 Rh4  
12. Rxh4 gxh4 13. Kg2 Dd7



14. e6 De7? 15. cxd5 cxd5  
16. exf7+ Kd8 17. Bxd5  
Bxh3+ 18. Kxh3 Dd7+ 19.  
Dg4 Dxd5 20. Dxd7 De6+ 21.  
Dg4

1-0


Hvítt: Bjarni Jónsson

Svart: Aðalsteinn Bjarnason

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 Bg7 5. d4 h6 6. Rc3  
d6 7. h3 Rf6 8. e5 Rh5 9. O-O  
g4 10. hxg4 Bxg4 11. He1  
O-O 12. Rd5 dxe5 13. dxe5  
Bxf3 14. Dxf3 Dh4 15. Bxf4  
Rc6 16. Rxc7 Rxf4 17. Rxa8  
Bxe5 18. Hf1



Rd4 19. De3 Rfe2+ 20. Bxe2  
Bh2+ 21. Kh1 Bg3+ 22. Kg1  
Dh2#

0-1

Hvítt: Guðmundur

Jakobsson

Svart: Aðalsteinn Bjarnason

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 Bg7 5. c3 h6 6. O-O  
d6 7. Db3 Dd7? 8. He1 Rc6 9.  
d4 Ra5 10. Db4 Rxc4 11.  
Dxc4 Re7 12. e5 d5 13. Db3  
O-O 14. c4 dxc4 15. Dxc4 c6  
16. Rc3 Rd5 17. De2 De6 18.  
a4 Bd7 19. Dc4 a5 20. Bd2  
Rxc3 21. Dxc3 Dd5 22. b4  
axb4 23. Dxb4 Be6



24. Dxb7? g4 25. Rh4 Dxd4+  
26. Kh1 Dxd2 27. Hf1 Hfd8  
28. Dxc6 Hac8 29. Da6 Hc2  
30. Da7 Bxe5

0-1

Hvítt:

Guðmundur

Jakobsson

Svart: Aðalsteinn Bjarnason

22. desember 1933

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. Bc4 Bg7 5. d4 Rc6 6. c3  
d6 7. O-O h6 8. He1 Rge7 9.  
d5 Re5 10. Rxe5 Bxe5 11.  
Db3 Rg6 12. Bb5+ Kf8 13. c4  
b6 14. Da3 g4 15. Bc6



15. - Dh4 16. Hf1 g3 17. hxg3  
Bd4+ 18. Hf2 fxg3 19. Be3  
Bg4 20. Hf3 Dh2+ 21. Kf1  
Dh1+ 22. Ke2 Dxd2+ 23. Kd3  
Bxb2

0-1

Hvítt: Jón Magnússon frá  
Hóli

Svart: Gísli Kristjánsson

22. desember 1933

Ítalski leikurinn

1. e4 e5 2. Rc3 Rc6 3. Bc4  
Bc5 4. Rf3 Rf6 5. d3 d6 6. O-  
O Bg4 7. Bg5 Rd4 8. Rd5  
Rxf3+ 9. gxf3 Bh3 10. He1 h6  
11. Bxf6 gxf6 12. Kh1 Hg8  
13. Hg1 Kd7?? 14. Hg3??  
Hxg3 15. fxg3 c6 16. Rc3 h5  
17. a3 Dg8 18. De2 b5 19.  
Ba2 a5 20. Rd1 Dg5 21. Rf2  
Bxf2 22. Dxf2 c5 23. Bxf7 a4  
24. Bd5 Hb8 25. c4 b4 26.  
axb4 Hxb4 27. Kg1 Ke7 28.  
f4 Dg4 29. fxe5 fxe5 30. Df7+  
Kd8



31. Bc6 Hxb2 32. De8+ Kc7  
33. Bxa4 Df3 34. De7+ Kc8  
35. De8+ Kc7 36. Dc6+ Kb8  
37. Dxd6+ Kc8 38. Bd7+ Kb7  
39. Dc6+ Kb8 40. Ha8#

1-0

Hvítt: Jón Magnússon frá Hóli

Svart: Aðalsteinn Bjarnason

22. desember 1933

Spænski leikurinn

1. e4 e5 2. Rf3 Rc6 3. Bb5 a6  
4. Ba4 Bc5 5. Rc3 d6 6. d3  
Bd7 7. O-O b5 8. Bb3 Bg4



9. Bxf7+ Kf8 10. Bd5 Rd4 11.  
Bxa8 Dxa8 12. h3 Bxf3 13.  
gxf3 De8 14. f4 Rf6 15. Kh1  
De6 16. f5 De7 17. Bg5 h6



18. Rd5 Dd8 19. Bxf6 gxf6  
20. Dh5 c6 21. Re3 Dd7 22.  
Hg1 a5 23. Hg4 Ke7? 24.  
Hg7+  
1-0

Hvítt: Gísli Kristjánsson

Svart: Guðmundur

Jakobsson

5. janúar 1934

Kónsbragð

1. e4 e5 2. f4 exf4 3. Rf3 g5  
4. h4 h6 5. hxg5 Bg7 6. gxh6  
Hxh6 7. Hxh6 Rxh6 8. d4 f5 9.  
e5 d6 10. exd6 Dxd6 11. c3  
Be6 12. Rg5 Bf7 13. Rxf7  
Rxf7 14. De2+ Kd7



15. Db5+ Dc6 16. Dxf5+ Ke7  
17. Bxf4 Rd7 18. Rd2 He8 19.  
O-O-O Bxd4 20. He1+ Kd8  
21. Hxe8+ Kxe8 22. Bb5  
Dxg2 23. Dxd7+ Kf8 24. Dxd4  
Dh1+ 25. Kc2 Dh7+ 26. Kb3  
1-0

